

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 7. júní, var haldinn 130. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Borgabókasafninu í Spönginni og hófst fundurinn kl. 16:41. Viðstödd voru Bergvin Oddsson formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Gísli Rafn Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Margrét Richter sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarð og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

#### 1. Kynning á starfsemi bókasafnsins.

Katrín Guðmundsdóttir kynnti starfsemi bókasafnsins og sýndi fulltrúum hverfisráðsins safnkostinn.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs þakkar Borgarbókasafninu, menningarhúsi í Spönginni fyrir góða kynningu á starfsemi safnsins. Það er sérlega ánægjulegt að hér sé bæði aukning á heimsókum og útlánum, gagnstætt því sem er að gerast á öðrum söfnum borgarinnar og annars staðar í heiminum. Fulltrúar hverfisráðsins urðu í heimsókn sinni vitni af fjölbreyttu mannlífi og lifandi starfsemi. Það er ljóst að safnið er einn af máttarstólpum hverfisins og Grafarvogur væri fátækari án starfsemi þess.

#### 2. Umræður um Blikastaðagróf

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráði Grafarvogs hefur borist erindi varðandi setmyndun í Blikastaðagróf. Síðan eyðið yfir Geldinganes var hækkað þannig að ekki flæðir yfir það nær grófin ekki að hreinsa sig og er smátt og smátt að fyllast af seti. Hverfisráð Grafarvogs óskar eftir að umhverfis- og skipulagssvið skoði þetta mál, meti ástandið og grípi til mótvægisáðgerða.

#### 3. Kynning á Grafarvogsdeginum.

Þorvaldur Guðjónsson kynnti framgang Grafarvogsdagsins en dagurinn gekk í heildina lítið mjög vel fyrir sig og má reikna með því að yfir 10.000 manns hafi sótt dagskrá dagsins.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs lýsir yfir ánægju sinni með vel heppnaðan Grafarvogsdag og þakkar framkvæmdaraðilum og samstarfsaðilum fyrir.

Eftirfarandi bókun var gerð af Bergvini Oddssyni, formanni hverfisráðs Grafarvogs:

Formaður hverfisráðs, Bergvin Oddson hefur tilkynnt borgarstjóra að hann vilji láta af störfum sem formaður hverfisráðs frá og með 30. júní 2016. Hann þakkar gott samstarf við aðra hverfisráðsfulltrúa og starfsfólk borgarinnar undanfarin ár.

Eftirfarandi bókun var gerð af öðrum hverfisráðsfulltrúum:

Aðrir hverfisráðsfulltrúar þakka Bergvini fyrir frábært samstarf og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Hans verður sárt saknað úr hverfisráði.

**Fundi slitið kl. 17.50**

Guðbrandur Guðmundsson  
Elísabet Gísladóttir

Bergvin Oddsson

Gísli Rafn Guðmundsson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir